## GREINARGERÐ

***Staðsetning og lýsing***

Um er að ræða lóð við Drangsskarð 2.
Sótt er um að byggja tveggja hæða fjölbýlishús, með þrem íbúðum. Á lóðinni eru einn mhl.
Húsið er steypt, einangrað að utan og svo klætt með timburklæðningu og stálklæðningu.
Þak: uppbygging þaks, steypt plata "viðsnúið þak" tvöfalt lag af pappa, 250mm plasteinangrun, pappi soðin á, og svo hellur.
Útveggir: steyptir, einangrað að utan og klætt með timbri og stálklæðningu. Timburklæðning mun koma á útveggi svala, annarsstaðar verður stálklæðning.
Gólf er steypt plata einangrað undir plötu 100 mm. Sökklar eru staðsteyptir. með 100 mm einangrun.

Gler: gluggar eru verksmiðjuframleiddir, ál timbur, eða álgluggar af viðurkenndum framleiðanda með slitinni kuldabrú. tvöfalt k-gler er í gluggum. gler skal vera samkvæmt grein 12.4.3. og 8.5.2

Loftræsting: á baðherbergjum, þvottahúsi og eldhúsi skal vera vélræn loftræsting samanber 10.2.5 gr.112/ 2012 , annars staðar skal loftræsta með opnanlegum gluggum. Loftræsting í lokuðu rými samkvæmt 10.5.2 gr
Svalir eru með steyptu gólfi.

Innveggir
Léttir innveggir skulu vera 120mm úr blikk/ timburstoðum, klætt með gifsi.
Frárennslislagnir eru pvc plaströr í grunni og undir botnplötu, en plaströr eru vel varin og einangruð í veggjum. Miðstöðvar og neysluvatnslagnir eru hefðbundnar lagðar í veggraufar og klætt yfir. Allar lagnir eru vafðar og einangraðar. Farið skal eftir stöðlum og fyrirmælum Orkuveitu varðandi inntak o.fl. Hitastig neysluvatns við töppunarstað skal vera hámark 65 gráður.

Inngangs og innihurðir skal fara eftir grein 6.4.2 og 6.4.3 í 112/2012

Handrið við svalir skal vera gler/ hert 110 cm á hæð,
Handrið við stiga inni smíðaður veggur gifs/mdf, hæð 110 cm.

Bréfalúgur skulu vera stærð amk 25x250mm og hæð amk 1000 mm frá neðri brún hurðar

5 bílastæði eru á lóðinni. Möguleiki á rafhleðslustöð við bílastæði.
neðri hæðir eiga sérafnotafleti, sjá grunnmynd. Annars er lóðin í óskiptri sameign.

Allur lóðarfrágangur á lóðarmörkum skal vera gerður í samráði við aðliggjandi lóðarhafa.
6 sorp tunnur, tvær fyrir hverja íbúð, samkvæmt reglum frá Hafnarfjarðarbæ.
Algild hönnun: ekki er gert ráð fyrir algildri hönnun þar sem húsið er í miklum halla ein íbúð er á tveim hæðum.
Hljóðvistarkröfur skulu vera á milli íbúða í samræmi við grein 11.1.2 sem vísar í íst 45 2011

Kólnunartölur skulu vera í samræmi við IST 66.

| helstu kólnunartölur | U-gildi (W/m 2 K) |
|---|---|
| botnplata | 0.3 |
| þak | 0.20 |
| útveggir | 0.40 |
| gluggar (karmar, gler, ) | 2,0 |
| hurðir | 3,0 |
| vegið meðaltal húss | 1.01 |

Landeignanúmer L225416

| stærð á húsi brúttó tölur | | |
|---|---|---|
| mhl 01 | 418.6m2 | 1398.2m3 |
| lóðarstærð | 942m2 | |
| nýtingarhlutfall | 0.44 | |

BRUNAVARNIR
Flokkun og notkun byggingar
Byggingin verður í notkunarflokki 3 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða fjölbýlishús með þrem íbúðum.
Brunahólfun
Hver íbúð er sér meginbrunahólf.
Inntaksrými er sér brunahólf.
Burðarvirki
Hæðaskil eru a.m.k. REI90.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R90.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R60.

Innanhúsklæðningar verða í flokki 1.

Flóttaleiðir
Tvær til þrjár óháðar flóttaleiðir eru frá hverri íbúð.
Önnur leiðin frá efri hæðum er út á svalir.
Reykskynjarar
Reykskynjarar verða í íbúðum, a.m.k. einn fyrir hverja 80 $m^2$.
Reyklosun
Reykræsing er almennt um glugga og hurðir.
Slökkvitæki
Gert er ráð fyrir einu handslökkvitæki í anddyri hverjar íbúðar, t.d. 6 L léttvatn
Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3.




Samþykkt þann 18. MAÍ 2022
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

SHS 17.05.22

| | |
|---|---|
| Smári Björnsson | |
| SÍMI: 868 1300<br>NETFANG: smari.bjornsson@gmail.com<br>kt: 100275 5899 | |
| HEITI VERKS: Drangsskarð 2 | |
| HEITI TEIKNINGAR: Aðaluppdráttur grunnmynd, byggingarlýsing | |
| MKV: 1/100 — DAGS. 1.05.22 | NR. TEIKN 1 |
| UNDIRSKR. HÖNNUÐAR | ÚTGÁFA A |